LESTUR
er lífsins leikur

ENDURSKOÐUN 2022

# Að efla læsi
## í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar

Tilgangur þess að efla læsi er að nemendur geti lesið sér til gagns og ánægju við lok grunnskólanáms. Þeir verði virkir og skapandi málnotendur sem hafi fengið stuðning til þess á skólagöngu sinni frá leikskóla til loka grunnskóla. Nemendur fái jafnframt ítarleg kynni af fjölbreyttum möguleikum íslenskunnar í öllum námsgreinum með viðeigandi kennslu. Á báðum skólastigum gefist þeim margvísleg tækifæri í skólastarfinu til að undirbúa og bæta lestrarhæfni sína í margs konar tjáningu. Til að auðga líf nemenda sé þeim einnig gert fært að nýta sér fjölbreytileika tungumálsins og fá þannig aðgang að lestrarmenningu þjóðarinnar.

Lestrarhæfni nær til allra nemenda og er mikilvægt samfélagslegt verkefni. Frávik í lestri geta haft afgerandi áhrif á hegðun, líðan og námsframvindu. Þess vegna er mikilvægt að veita þeim sem standa höllum fæti sérstakan stuðning. Því eru sett viðmið um hvenær og hvernig grípa þurfi inn í og veita viðeigandi aðstoð. Slíkt felur í sér að margvísleg ábyrgð er lögð á sveitarfélagið, starfsfólk skóla og foreldra til að styðja við nemendur þannig að markmið í lestri náist. Í því ljósi eru sett fram viðmið um mælingar á lestrarhæfni og lestraraðgerðir út frá sjónarmiðum um snemmtæka íhlutun með samhæft, faglegt skipulag að leiðarljósi innan leik- og grunnskóla í Hafnarfirði. Markmiðið er að veita nemendum nægan stuðning þannig að allir öðlist fullnægjandi lestrarhæfni og fái næg tækifæri til að ná hámarksárangri í námi.

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Hafnarfjörður
vellíðan fyrir alla

Hafnarfjörður

## LEIKSKÓLI *

| 2 ára | 2½ árs | | 3 ára | 4 ára |
|---|---|---|---|---|
| **Orðaskil** | **Brigance*** | **PEDS*** | **Orðaskil** | **Brigance*** |
| - málskilningur<br>- orðaforði | - málskilningur<br>- orðaforði | Mikilvægar bak-grunnsupplýsingar | - málskilningur<br>- orðaforði | - málskilningur<br>- orðaforði |
| | Í tengslum við reglu-bundið eftirlit heilsug. | Í tengslum við reglub. eftirlit heilsugæslu. | | Í tengslum við reglubundið eftirlit heilsugæslu. |
| Allir í árgangi. | Allir í árgangi. | Allir í árgangi. | Allir í árgangi. | Allir í árgangi. |
| Foreldrar fylla út. Sérkennslu-stjóri metur niðurstöður. | Hjúkrunarfræðingur heilsugæslu. | Hjúkrunarfræðingur heilsugæslu. | Foreldrar fylla út. Sérkennslu-stjóri metur niðurstöður. | Hjúkrunarfræðingur heilsugæslu. |
| Ef barn mælist einu staðalfráviki (eftir kynjum) eða meira undir í orða-forða þá er veitt viðeig-andi íhlutun og stuðningur eftir þörfum. | Ef barn er yfir áhættu-mörkum samkvæmt stöðlun prófs þá er veitt viðeigandi íhlutun og stuðningur eftir þörfum. | Ef barn er yfir áhættu-mörkum samkvæmt stöðlun prófs þá er veitt viðeigandi íhlutun og stuðningur eftir þörfum. | Ef barn mælist einu staðal-fráviki (eftir kynjum) eða meira undir í orðaforða þá er veitt viðeigandi íhlutun og stuðningur eftir þörfum. | Ef barn er yfir áhættumörkum samkvæmt stöðlun prófs þá er veitt viðeigandi íhlutun og stuðningur eftir þörfum. |
| Einstaklingsnámskrá. | Einstaklingsnámskrá. | Einstaklingsnámskrá. | Einstaklingsnámskrá. | Einstaklingsnámskrá. |
| Niðurstöður sendar skrif-stofu mennta- og lýðheilsu-sviðs á sérstöku formi tvisvar á ári (des og maí). | Frávik tilkynnt til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs. | Frávik tilkynnt til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs. | Niðurstöður sendar skrif-stofu mennta- og lýðheilsu-sviðs á sérstöku formi tvisvar á ári (des og maí). | Frávik tilkynnt til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs. |
| | Íhlutun við hæfi. Endur-mat á stöðu eftir 3 mánuði sbr. verkferla. | Íhlutun við hæfi. Endur-mat á stöðu eftir 3 mánuði sbr. verkferla. | | Íhlutun við hæfi. Endurmat á stöðu eftir 3 mánuði sbr. verkferla. |

Dagforeldrar fylla út gátlista frá talmeinafræðingi með upplýstu s
TRAS skráningar framkvæmdar í samræmi við verklag og viðmið fyrir öll börn upp allan leikskólann til að halda utan um árangur og þörf fyrir frekari íhlutun.
* Starfsfólk leikskóla hvetji alla foreldra (t.d. í foreldraviðtölum) til að fara með börnin sín í 2½ og 4 ára skoðun á heilsugæslu.

## MIÐSTIG

| 5. bekkur | | 6. bekkur | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Orðarún** | **Lesfimipróf Lesferils** | **Orðarún** | **LOGOS*** | **Lesfimipróf Lesferils** | **Orðarún** |
| - lesskilningur<br>- orðaforði | - lesfimi | - lesskilningur<br>- orðaforði | - umskráning<br>- lesfimi<br>- lesskilningur (skimun 1, 4, 5) | - lesfimi | - lesskilningur<br>- orðaforði |
| Janúar (próf 1) og maí (próf 2). | Maí. | Janúar (próf 1) og maí (próf 2). | Október/ nóvember. | Maí. | Janúar (próf 1) og maí (próf 2). |
| Allir í árgangi. | Allir í árgangi. | Allir í árgangi. | ** | Allir í árgangi. | Allir í árgangi. |
| Umsjónarkennari. | Umsjónarkennari. | Umsjónarkennari. | Sérkennari (réttindi). | Umsjónarkennari. | Umsjónarkennari. |
| Ef barn fellur undir „slakan“ eða „mjög slakan“ árangur skv. viðmiðum prófsins skal veitt íhlutun við hæfi. | Undir viðmiði 1: <90 orð/mín.<br>Viðmið 1: 90-139 orð/mín.<br>Viðmið 2: 140-159 orð/mín.<br>Viðmið 3: >159 orð/mín. | Ef barn fellur undir „slakan“ eða „mjög slakan“ árangur skv. viðmiðum prófsins skal veitt íhlutun við hæfi. | Viðmið 1: Undir 16. hundraðsröð.<br>Viðmið 2: 16.-30. hundraðsröð. | Undir viðmiði 1: <105 orð/mín.<br>Viðmið 1: 105-154 orð/mín.<br>Viðmið 2: 155-174 orð/mín.<br>Viðmið 3: >174 orð/mín. | Ef barn fellur undir „slakan“ eða „mjög slakan“ árangur samkvæmt viðmiðum prófsins skal veitt íhlutun við hæfi. |
| Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum *Orðarúnar.* | Íhlutun 1: Einstaklings-námskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Þjálfun. | Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum *Orðarúnar.* | Íhlutun1: Einstakl-ingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni. | Íhlutun 1: Einstaklings-námskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Þjálfun. | Íhlutun: Sam-kvæmt viðmið-um *Orðarúnar.* |
| | Heildarniðurstöður sóttar í Skólagátt í maí. | | | Heildarniðurstöður sóttar í Skólagátt í maí. | |
| | Niðurstöður teknar saman og kynntar skólunum. | | | Niðurstöður teknar saman og kynntar skólunum. | |

# ENDURSKOÐUN 2022

## 5 ára / 1. bekkur

| | 5 ára: PEDS* | 5 ára: HLJÓM 2 | **Verkfæri** | 1. bekkur: Lesskimun lesferils f. 1. bekk | 1. bekkur: Framburðarskimun |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grunnþættir læsis** | Mikilvægar bak-grunnsupplýsingar | - hljóðkerfisvitund | | - hljóðkerfisvitund<br>- lesskilningur<br>- orðaforði<br>- umskráning | - hljóðkerfisvitund |
| **Tímasetning og framkvæmd** | Í tengslum við reglub. eftirlit heilsugæslu. | Að hausti, ekki síðar en um miðjan október. | | Október | Október - nóvember. |
| **Þátttaka** | Allir í árgangi. | Allir í árgangi. | | Allir í árgangi. | Allir í árgangi. |
| **Fyrirlögn** | Hjúkrunarfræðingur heilsugæslu. | Sérkennslustjóri og kennarar með réttindi á *HLJÓM-2*. | | Umsjónarkennari/ sérkennari. | Umsjónarkennari/ sérkennari. |
| **Viðmið um íhlutun**<br>Undir viðmiði 1: Víðtæk inngrip<br>Undir viðmiði 2: Væg inngrip<br>Yfir viðmiði 2: Hvatningaraðgerðir | Ef barn er yfir áhættumörkum samkvæmt stöðlun prófs þá er veitt viðeigandi íhlutun og stuðningur eftir þörfum. | Börn með mjög slaka og slaka útkomu fá markvissa þjálfun á hljóðkerfisvitund í leikskólum.<br>Börnum með mjög slaka útkomu skal vísað til talmeinafræðings til frekari greiningar.<br>Eftir seinni prófun: Ef nemendur með slaka útkomu mælast enn slakir eftir þjálfunarlotu skal vísað til talmeina-fræðings til frekari greiningar. | | Barni sem fellur í áhættuhóp 1 skal vísað í nánari greiningu. Íhlutun út frá stöðu nemanda (samanber handbók *Leið til læsis*). | Barni sem fellur undir viðmið samkvæmt skimuninni skal vísað í framburðar-greiningu til talmeinafræðings. |
| **Aðgerðabinding - skóli** | Einstaklings-námskrá. | Einstaklingsnámskrá.<br>Tilvísun til talmeinafræðings. | | Unnið samkvæmt handbók *Leið til læsis*. | Tilvísun til talmeina-fræðings. |
| **Miðlæg skráning** | Frávik tilkynnt til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs. | Heildarniðurstöður sendar skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar fyrir lok október. | | Heildarniðurstöður sóttar í Skólagátt. | |
| **Stuðningur og eftirfylgni frá skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar** | Íhlutun við hæfi. Endurmat á stöðu eftir 3 mánuði sbr. verkferla. | Ef yfir 30% barna árgangs falla undir „mjög slaka“ eða „slaka“ færni þá fer í gang stuðningsferli. | | Niðurstöður kynntar leikskólum varðandi þeirra börn. Hugsanlegar að-gerðir í leikskóla. | |



## 7. bekkur / 8. bekkur

| | 7. bekkur: Lesfimipróf Lesferils | 7. bekkur: Samræmt. k.próf | **Verkfæri** | 8. bekkur: Orðarún | 8. bekkur: Lesfimipróf Lesferils |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grunnþættir læsis** | - lesfimi | - umskráning<br>- lesfimi<br>- lesskilningur<br>-orðaforði | | - lesskilningur<br>- orðaforði | - lesfimi |
| **Tímasetning og framkvæmd** | Maí. | September. | | Janúar (próf 1) og maí (próf 2) | Maí. |
| **Þátttaka** | Allir í árgangi. | Allir í árgangi. | | Allir í árgangi. | Allir í árgangi. |
| **Fyrirlögn** | Umsjónarkennari. | Menntamálastofnun. | | Íslensku-/umsjónark. | Íslensku- /umsjónarkennari |
| **Viðmið um íhlutun**<br>Undir viðmiði 1: Víðtæk inngrip<br>Undir viðmiði 2: Væg inngrip<br>Yfir viðmiði 2: Hvatningaraðgerðir | Undir viðmiði 1: <120 orð/mín.<br>Viðmið 1: 120-164 orð/mín.<br>Viðmið 2: 165-189 orð/mín.<br>Viðmið 3: >189 orð/mín. | Viðmið 1: Undir 16. hundraðsröð.<br>Viðmið 2: 16.-30. hundraðsröð. | | Ef barn fellur undir „slakan“ eða „mjög slakan“ árangur samkvæmt viðmiðum prófsins skal veitt íhlutun við hæfi. | Undir viðmiði 1: <130 orð/mín.<br>Viðmið 1: 130-179 orð/mín.<br>Viðmið 2: 180-209 orð/mín.<br>Viðmið 3: >209 orð/mín. |
| **Aðgerðabinding - skóli** | Íhlutun 1: Einstaklings-námskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Þjálfun. | Íhlutun1: Einstak-lingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni. | | Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum *Orðarúnar.* | Íhlutun 1: Einstaklings-námskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Þjálfun. |
| **Miðlæg skráning** | Heildarniðurstöður sóttar í Skólagátt í maí. | Heildarniðurstöður sendar skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs. | | | Heildarniðurstöður sóttar í Skólagátt í maí. |
| **Stuðningur og eftirfylgni frá skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar** | Niðurstöður teknar saman og kynntar skólunum. | Farið yfir niðurstöður einstakra flokka og metnar nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta. | | | Niðurstöður teknar saman og kynntar skólunum. |

* Logos: Í 3., 6. og 8. bk. verða skimaðir tveir þættir,
**Undanþegnir í Logos-skimun í 3., 6. og 8. bekk eru allir
Ef nemandi er í 15. hundraðsröð eða neðar í lesskilningi,
Ef nemandinn skorar í 15. hundraðsröð eða neðar í

| 1. bk. | 2. bk. | 3. bekkur | | | 4. bekkur | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Lesfimipróf Lesferils** | **Lesfimipróf Lesferils** | **Lesfimipróf Lesferils** | **Orðarún** | **LOGOS*** | **Lesfimispróf Lesferils** | **Orðarún** | **Samræmt könnunarpróf** |
| - lesfimi | - lesfimi | - lesfimi | - lesskilningur<br>- orðaforði | - lesfimi<br>- lesskilningur<br>- umskráning<br>(Skimun 1, 4, 5) | - lesfimi | - lesskilningur<br>- orðaforði | - umskráning<br>- lesfimi<br>- lesskilningur<br>- orðaforði |
| Maí. | Maí. | Maí. | Jan. (próf 1) og maí (próf 2). | Janúar-febrúar. | Maí. | Janúar (próf 1) og maí (próf 2). | September. |
| Allir í árgangi. | Allir í árgangi. | Allir í árgangi. | Allir í árgangi. | ** | Allir í árgangi. | Allir í árgangi. | Allir í árgangi. |
| Umsjónarkennari. | Umsjónarkennari. | Umsjónarkenn. | Umsjónarkenn. | Sérkenn. (réttindi) | Umsjónarkennari. | Umsjónarkennari. | Menntamálastofnun. |
| Undir viðmiði 1: <20 orð/mín<br>Viðmið 1: 20-54 orð/mín.<br>Viðmið 2: 55-74 orð/mín.<br>Viðmið 3: >74 o/m. | Undir viðmiði 1: <40 orð/mín<br>Viðmið 1: 40-84 orð/mín.<br>Viðmið 2: 85-99 orð/mín.<br>Viðmið 3: >99 o/m. | Undir viðmiði 1: <55 orð/mín.<br>Viðmið 1: 55-99 orð/mín.<br>Viðmið 2: 100-119 orð/mín.<br>Viðmið 3: >119 o/m. | Ef barn fellur undir „slakan" eða „mjög slakan" árangur skv. stöðlun prófsins skal veitt íhlutun við hæfi. | Viðmið 1: Undir 16. hundraðsröð.<br>Viðmið 2: 16. - 30. hundraðsröð. | Undir viðmiði 1: <80 orð/mín.<br>Viðmið 1: 80 - 119 orð/mín.<br>Viðmið 2: 120 - 144 orð/mín.<br>Viðmið 3: >144 o/m. | Ef barn fellur undir „slakan" eða „mjög slakan" árangur skv. stöðlun prófsins skal veitt íhlutun við hæfi. | Viðmið 1: undir 16. hundraðsröð<br>Viðmið 2: 16.- 30. hundraðsröð |
| Íhlutun1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Þjálfun. | Íhlutun1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Þjálfun. | Íhlutun1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Þjálfun. | Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum *Orðarúnar.* | Íhlutun1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni. | Íhlutun1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Þjálfun. | Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum *Orðarúnar.* | Íhlutun1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni. |
| Heildarniðurstöður sóttar í Skólagátt í maí. | Heildarniðurstöður sóttar í Skólagátt í maí. | Heildarniðurstöður sóttar í Skólagátt í maí. | | | Heildarniðurstöður sóttar í Skólagátt í maí. | | Heildarniðurstöður sendar skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs. |
| Niðurstöður teknar saman og kynntar skólunum. | Niðurstöður teknar saman og kynntar skólunum. | Niðurstöður teknar saman og kynntar skólunum. | | | Niðurstöður teknar saman og kynntar skólunum. | | Farið yfir niðurstöður einstakra flokka og nauðsynlegar úrbótaaðgerðir metnar. |

YNGSTA STIG

| 8. bekkur | 9. bekkur | | 10. bekkur |
|---|---|---|---|
| **LOGOS*** | **Lesfimipróf Lesferils** | **Samræmt könnunarpróf** | **Lesfimipróf Lesferils** |
| - umskráning<br>- lesfimi<br>- lesskilningur<br>(Skimun 1, 4 og 5) | - lesfimi | - umskráning<br>- lesfimi<br>- lesskilningur<br>- orðaforði | - lesfimi |
| Apríl - maí. | Maí. | Mars. | Maí. |
| ** | Allir í árgangi. | Allir í árgangi. | Allir í árgangi. |
| Sérkennari (réttindi). | Íslensku- /umsjónarkennari. | Menntamálastofnun. | Íslensku- /umsjónarkennari. |
| Viðmið 1: Undir 16. hundraðsröð.<br>Viðmið 2: 16. - 30. hundraðsröð. | Undir viðmiði 1: <140 orð/mín.<br>Viðmið 1: 140-179 orð/mín.<br>Viðmið 2: 180-209 orð/mín.<br>Viðmið 3: >209 orð/mín. | Viðmið 1: Undir 16. hundraðsröð.<br>Viðmið 2: 16.-30. hundraðsröð. | Undir viðmiði 1: <145 orð/mín.<br>Viðmið 1: 145-179 orð/mín.<br>Viðmið 2: 180-209 orð/mín.<br>Viðmið 3: >209 orð/mín. |
| Íhlutun1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni. | Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Þjálfun. | Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni. | Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Þjálfun. |
| | Heildarniðurstöður sóttar í Skólagátt í maí. | Heildarniðurstöður sendar skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs. | Heildarniðurstöður sóttar í Skólagátt í maí. |
| | Niðurstöður teknar saman og kynntar skólunum. | Farið yfir niðurstöður einstakra flokka og nauðsynlegar úrbótaaðgerðir metnar. | Niðurstöður teknar saman og kynntar skólunum. |

EFSTA STIG - UNGLINGASTIG

leshraði og lesskilningur. Nemendur með niðurstöður undir 30. hundraðsröð í leshraða verða jafnframt prófaðir í prófþáttunum lestur með hljóðaaðferð og lestur út frá rithætti.
nemendur sem þegar hafa fengið dyslexíugreiningu og allir þeir sem náðu lesfimiviðmiði 2 (50% viðmið) við lok skólaársins á undan (lesfimipróf Lesferils í maí).
en með lesfimi í 16. hundraðsröð eða ofar verði einnig lagt fyrir undirprófið hugtakaskilningur.
hugtakaskilningi sé honum vísað í nánari greiningu til talmeinafræðings.

# Aðgerðaþættir í framkvæmd læsisverkefnis í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar

ENDURSKOÐUN 2022

## Prófanir og úrvinnsla þeirra

Skila skal niðurstöðum úr miðlægum prófunum innan tveggja vikna frá lokafresti hverrar prófunar eins og skilgreint er í þessu skjali og þar sem það á við. Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs leggur skólum til form fyrir skil á niðurstöðum.

Prófanir skulu lagðar fyrir alla nemendur árgangs/hóps eftir því sem tilgreint er í þessu skjali. Niðurstöður fyrir nemendur sem hafa búið skemur en eitt ár á Íslandi og nemendur sem eru með þroskatölu undir 70 skv. niðurstöðum þroskamælinga eru ekki reiknaðar inn í heildarniðurstöður skóla.

Niðurstöður einstakra nemenda skulu kynntar foreldrum/nemendum innan mánaðar frá því að niðurstöður liggja fyrir innan skóla.

Skólastjórar eru ábyrgir fyrir að niðurstöður berist innan tímaramma til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs þar sem við á.

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs skal hafa niðurstöður úr sameiginlegum prófunum tilbúnar til birtingar tveimur vikum eftir skil frá skólum. Allar heildarniðurstöður úr prófunum skulu því vera tilbúnar innan mánaðar frá lokum prófanna.

Á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs ber ákveðinn aðili ábyrgð á úrvinnslu einstakra prófana fyrir bæinn í heild.

Einungis skulu birtar heildarniðurstöður læsisprófa allra skóla í Hafnarfirði, en ekki niðurstöður einstakra skóla. Niðurstöður verða kynntar í þeirri röð sem hér kemur fram:

**1)** Fræðslustjóri og starfsfólk skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs.
**2)** Skólastjóri og starfsfólk skóla.
**3)** Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

## Viðmið til íhlutunar (út frá lesfimiviðmiðum MMS)

**Viðmið til íhlutunar 1** – Víðtæk inngrip: Nemendur undir viðmiði 1 að vori (stefnt að því að hér séu ekki fleiri en 10% nemenda).
**Viðmið til íhlutunar 2** – Væg inngrip: Nemendur á milli viðmiða 1 og 2 að vori (stefnt að því að hér séu ekki fleiri en 40% nemenda).
**Viðmið til íhlutunar 3** – Hvatningaraðgerðir: Nemendur ofan viðmiðs 2.
Að hausti er miðað við síðasta árgang á undan.

## Íhlutanir og eftirfylgni þeirra

**1)** Öll íhlutun í kjölfar prófana er á ábyrgð skóla og út frá þeim úrræðum sem skóli hefur yfir að ráða. Hér getur því þurft að færa til og forgangsraða upp á nýtt í kjölfar niðurstaðna, t.d. sérkennslutímum, verkefnaröðun o.fl.
**2)** Mikilvægt er að stjórnendur séu með eftirfylgd í læsisverkefninu, styðji og hvetji kennara og fylgist með því að aðgerðir í kjölfar prófa séu framkvæmdar og nái fram að ganga. Skólastjóri er faglega ábyrgur fyrir framkvæmd læsisverkefnis í hverjum skóla.
**3)** Orðanámskrá fyrir yngsta stig grunnskóla er verkfæri sem stendur kennurum til boða til aukins stuðnings við nemendur.

## Aðkoma skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs að prófunum/íhlutunum

**a)** Að leggja til verkferla, form og ráðgjöf við próf og íhlutun.
**b)** Að aðstoða við prófanir í skólum við sérstakar aðstæður.
**c)** Að standa fyrir námskeiðahaldi.
**d)** Að vinna heildarniðurstöður prófa/skimana og birta þær. Hver skóli fær upplýsingar um stöðu eigin skóla og samanburð við heildarniðurstöður skóla í Hafnarfirði.
**e)** Að vinna sérstaklega með skólum þar sem niðurstöður gefa til kynna vanda og veita ráðgjöf.

# Að efla læsi
# í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar

## Grunnþættir

**ENDURSKOÐUN 2022**

Í þessu skjali er megináherslum í læsi lýst, en hver skóli útfærir þær nánar.

Gengið er út frá því að nemendur með lestrarvanda finnist með mismunandi matstækjum og að veitt sé viðeigandi íhlutun í framhaldinu, þ.e. greining felur í sér ábyrgð til aðgerða. Mikilvægt er að aðgerðir byggi á niðurstöðum prófa út frá viðmiðum.

Tilgangur með viðmiðum er alltaf sá að allir nemendur fái íhlutun við hæfi. Ábyrgð á íhlutun er í höndum leik- og grunnskóla.

Mikilvægt er að leggja áherslu á samvinnu foreldra og skóla hvað varðar íhlutun. Einnig getur skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs komið að ráðgjöf varðandi íhlutun þar sem þess er þörf og/eða sé þess óskað.

Unnið er með læsi út frá fimm grunnþáttum: (1) **hljóðkerfis- og hljóðavitund**, (2) **lesfimi**, (3) **mál-/lesskilningur**, (4) **orðaforði** og (5) **hljóðræn umskráning**.

## Árangursmarkmið

| | |
|---|---|
| **1** | *Orðaskil* (tveggja og þriggja ára börn): Að hlutfall barna sem eru utan áhættu í orðaforða sé ekki undir 84%. |
| **2** | *HLJÓM-2* (fimm ára börn): Að hlutfall barna sem eru með meðalfærni eða hærra sé ekki lægra en 84%. |
| **3** | Lesskimun *Lesferils* fyrir 1. bekk: Að hlutfall barna sem falla undir áhættuhóp-1 í hljóðkerfisvitund, stafaþekkingu og málskilningi sé ekki hærra en 12% og hlutfall barna í áhættuhópi-2 sé ekki hærra en 10%. |
| **4** | Lesfimipróf *Lesferils* í 1. – 10. bekk í maí: Að a.m.k. 90% nemenda í hverjum árgangi nái viðmiði 1, 50% nemenda nái viðmið 2 og 25% nemenda nái viðmiði 3. |
| **5** | *Orðarún*: Að ekki séu fleiri nemendur með slakan eða mjög slakan árangur en kemur fram í stöðlun prófsins (miðað við hvert próf fyrir sig). |
| **6** | Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk: Hafnfirskir nemendur nái meðaltali prófsins hverju sinni (30). |

## Áherslur í máli og læsi

| | Foreldrar/dagforeldrar (börn frá 0 -2ja ára) | Leikskóli | 1. – 4. bekkur | 5. – 7. bekkur | 8. – 10. bekkur | Frístundaheimili |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Lesið fyrir börnin** | Lesið heima fyrir börn alla daga/skoða saman myndabækur. | Alla daga. | Alla daga (nestistími). | Alla daga (nestistími). | Minnst einu sinni í viku. | Alla daga. |
| **Hljóðkerfisvitund Bókstafir og hljóð** | Unnið með söngva vísur, látbragð og þulur. | Unnið með alla daga frá þriggja ára aldri. | Unnið með alla daga í 1.- 2. bekk eftir þörfum. | | | |
| **Skólalestur - lesið fyrir kennara eða félaga** | | | Alla daga. | Alla daga. | Minnst einu sinni í viku. | |
| **Heimalestur** | | Lesið heima fyrir börn alla daga/skoða saman myndabækur. | 5 daga vikunnar. | 5 daga vikunnar. | 5 daga vikunnar. | |
| **Frjáls lestur/ yndislestur** | | Alla daga (skoða bækur, hlusta á hljóðbækur). | Minnst þrisvar í viku. | Minnst tvisvar í viku. | Minnst einu sinni í viku. | Minnst þrisvar í viku. |
| **Lestrarátök** | | Kennt að umgangast bækur – bókakynningar Heimsóknir á bókasöfn. | Að lágmarki einu sinni á önn. | Að lágmarki einu sinni á önn. | Að lágmarki einu sinni á önn. | |
| **Vinna með orða-forða /málskilning /lesskilning** | Alla daga. | Alla daga. | Alla daga. | Alla daga. | Alla daga. | Alla daga. |
| **Áhersla á framsagnarlestur** | | | Áhersla á upplestur og framsögn í 4. bekk | Áhersla á upplestur og framsögn í 7. bekk | | |
| **Fræðsla til foreldra um málörvun/læsi** | Fræðslufundir fyrir foreldra/forráðamenn barna á fyrsta ári og barna sem eru að byrja í leikskóla. | Móttökuviðtal. Árleg fræðsla. | Í 1. og 3. bekk. | Í 5. bekk. | Í 8. bekk. | |

2022 ©Lestur er lífsins leikur | Hafnarfjarðarbær | Strandgötu 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | Kennitala 590169-7579 | www.hafnarfjordur.is | hafnarfjordur@hafnarfjordur.is